

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hamraness vegna Baughamars 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 8. nóvember 2023 breyting á deiliskipulagi Hamraness vegna Baughamars 1. Breytingin felur í sér að einni hæð er bætt við reit A (6. hæð, 5 hæðir og kjallari) sem er inndregin með kótahækkun upp á 2,5 metra. Breytingartillagan var grenndarkynnt, engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. nóvember 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Julia Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. nóvember 2023